



Alþingi

Erindi nr. P 118 / 361

komudagur 6 / 12 1994

Allsherjarnefnd Alþingis,  
b/t Ágústu H. Lárusdóttur  
Þórshamri v/ Templarasund.  
Reykjavík.


**Varðar: Laqafrumvarp um sérstakan héraðsdóm í skatta og bókhaldsmálum, 9. mál.**

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar frá 20. október sl. þar sem farið er fram á umsögn um frumvarp Jóhönnu Sigurðardóttur um skipan sérstaks dóms til að fást við skatta- og bókhaldsmál.

Íslensk Verslun leggst eindregið gegn því að frumvarpið verði samþykkt í sinni núverandi mynd, þar sem ekki er talin þörf á að undanskilja þessi mál sérstaklega hinum almennu dómsstólum. Engu að síður telur Íslensk Verslun fulla ástæðu til að upp verði tekið nýtt millidómsstig, sem hafi aðsetur í Reykjavík, og hafi það að meginverkefni að sinna viðskiptadeilum hvers konar milli einstaklinga og/eða hins opinbera, og starfi ýmist á fyrsta dómsstigi eða sem áfrýjunardómstóll. Með hliðsjón af hækkun Hæstaréttar á þeirri lágmarks fjárhæð sem þarf til að áfrýja málum nú til réttarins, kr. 300.000.- hefur réttaröryggi borgaranna verið stórlega skert, þar sem lang stærstur hluti þeirra mála sem koma til kasta dómsstóla er undir þessari fjárhæð. Fullvíst má telja að þessi hækkun á áfrýjunarfjárhæðum komi til með að vinna gegn þeim réttarbótum sem að var stefnt með breytingunni á dómsstólaskipan sem gerð var á árinu 1992, þar sem verulegur fjöldi aðila er sviptur þeim sjálfssögðu og eðlilegu réttindum að um mál þeirra sé fjallað á tveim dómsstigum.

Íslensk Verslun hvetur því til þess, að nú þegar verði hafist handa um breytingu á dómsskipan í landinu, sem miði að því að tryggja eðlileg réttindi borgaranna.

Reykjavík 22. nóvember 1994

  
Stefn S. Guðjónsson  
framkvæmdastjóri FÍS

  
Jónas Þór Steinarsson  
framkvæmdastjóri BGS.

  
Magnús E. Finnsson  
framkvæmdastjóri KÍ